

BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

628. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 14. desember 2009 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar.
2. Bréf Jafnréttisstofu.
3. Upplýsingar um flutning málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.
4. Stofnun samtaka stofnfjáreigenda í fyrrum Sparisjóði Húnaþings og Stranda.

Afgreiðslur:

1. Ólafur H. Stefánsson, forstöðumaður tæknideildar er mættur til viðræðna við byggðarráð. Farið var yfir viðræður sem hann hefur átt við fulltrúa Reynd að smíða ehf. v/ 1. áfanga í byggingu vaðlaugar við Íþróttamiðstöð Húnaþings vestra. Forstöðumaður tæknideildar lagði fram drög að verksamningi við Reynd að smíða ehf. um umræddan verkáfang. Verktakakostnaður er alls kr. 7.999.934- með vsk. Byggðarráð samþykkir samningsdrögin. Samþykkt með tveimur atkvæðum gegn einu. Heimir Ágústsson greiðir atkvæði gegn tillögunni.
2. Fram lagt bréf Jafnréttisstofu til sveitarfélaga. Í bréfinu er þess óskað að sveitarfélög sendi Jafnréttisstofu eintak af jafnréttisáætlun sveitarfélagsins ásamt framkvæmdaáætlun. Byggðarráð samþykkir að boða félagsmálastjóra og fulltrúa félagsmálaráðs til viðræðna v/ erindisins.
3. Til kynningar lagðar fram upplýsingar um fyrirhugaðan flutning málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga m.a. viljayfirlýsing þess efnis og skýrsla verkefnisstjórnar. Frekari umræðu vísað til fundar með félagsmálastjóra og fulltrúum félagsmálaráðs.
4. Farið yfir upplýsingar frá stofnundi Samtaka stofnfjáreigenda í fyrrum Sparisjóði Húnaþings og Stranda. Byggðarráð samþykkir að Húnaþing vestra gerist aðili að samtökunum. Heimir Ágústsson leggur fram eftirfarandi bókun. „Þar sem ég er stjórnarmaður í Sparisjóði Keflavíkur tek ég ekki afstöðu til afgreiðslu málsins.“

Samþykkt að taka á dagsrá:

5. Fram lagt bréf Mennta- og menningarmálaráðuneytisins þar sem tilkynnt er að ráðuneytið hyggist framkvæma stofnanaúttekt á þremur grunnskólum á vormisseri 2010. Byggðarráð samþykkir að óska eftir þátttöku í verkefninu og felur sveitarstjóra og skólastjóra að senda ráðuneytinu tilkynningu þess efnis.
6. Bréf slökkviliðsstjóra lagt fram. Í bréfinu gerir hann grein fyrir ósk sinni um endurnýjun hlífðarfatnaðar slökkviliðsmanna sbr. ákvæði nýrrar reglugerðar þar um. Samþykkt að vísa erindinu til afgreiðslu fjárhagsáætlunar ársins 2010.
7. Byggðarráð felur sveitarstjóra að auglýsa til leigu rekstur Tjaldsvæðisins í Kirkjuhvammi.
8. Rætt um boðaða sameiningu ráðuneyta, iðnaðar, landbúnaðar og sjávarútvegs.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 11:30

Elín R. Líndal(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.),

Rakel Runólfsdóttir(sign.),

Heimir Ágústsson(sign.).

Áheyrnarfulltrúi: Oddur Sigurðarson(sign.).